



Alþingi
Erindi nr. P 135/312
komudagur 13.11.2007

Reykjavík, 13. nóvember 2007

Fjárlaganefnd
Gunnar Svavarsson, formaður

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. október 2007, þar sem óskað er eftir álitni umhverfisnefndar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2008 sem er á málefnasviði nefndarinnar. Álit nefndarinnar sendist yður hér með.

Fjárlaganefnd óskaði einnig eftir tillögum að skiptingu safnliða sem eru á málefnasviði nefndarinnar. Nefndin leggur til að veitt verði fé til þeirra aðila sem gerð er tillaga um í fylgiskjali.

Virðingarfyllst,
f.h. formanns umhverfisnefndar


Margrét María Grétarsdóttir
nefndarritari

UMHVERFISNEFND

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (14 Umhverfissráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dags. 10. október 2007.

Á fund nefndarinnar kom Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri í umhverfissráðuneyti. Sá hluti fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar var sendur til umsagnar og bárust umsagnir frá Náttúrustofu Austurlands, Landmælingum Íslands, Úrvinnslusjóði, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Skipulagsstofnun, Náttúrustofu Vesturlands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Náttúruvannsóknastöð við Mývatn, Brunamálastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Heildarútgjöld umhverfissráðuneytis árið 2008 eru áætluð 6.659 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.203 millj. kr., en þær nema 18% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.258 millj. kr. og lækka um 9 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 180 millj. kr. lækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs vegna lækkunar á gjaldskrá sjóðsins ásamt því að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna sem nema alls 130 millj. kr. Meðal helstu breytinga í frumvarpinu er 233,4 millj. kr. fjárveiting til Vatnajökulþjóðgarðs sem jafngildir 112,5 millj. kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs til þess verkefnis. Ef frá er talin framangreind fjárveiting til Vatnajökulþjóðgarðar þá eru óverulegar breytingar á þeim fjárlagalið ráðuneytisins sem fjármagnaður er af ríkissjóði.

Nefndin vekur athygli á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar kemur fram að stofnunin eigi við fjárhagsvanda að stríða og að uppsafnaður fjárhagshalli hafi verið um 22 millj. kr. um síðustu áramót og muni aukast á yfirstandandi ári fáist ekki leiðrétting í fjárlögum nú líkt og fengist hefur sl. þrjú ár. Þá kemur fram að fjárframlag ríkisins til stofnunarinnar fyrir árið 2007 hafi lækkað að raungildi frá árinu áður og að á sama tíma hafi óraunhæf tekjuáætlun stofnunarinnar verið hækkuð verulega í fjárlögum fyrir árið 2007. Nefndin telur brýnt að leitað verði leiða til að styrkja fjárhagslegan grunn stofnunarinnar í fjárlögum fyrir árið 2008 til frambúðar.

Nefndin vísar jafnframt til umsagnar Umhverfisstofnunar en þar kemur fram að stofnunin hafi óskað eftir auknu fjármagni hjá umhverfissráðuneytinu til að styrkja rekstur og framkvæmdir á friðlýstum svæðum. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni og telur mikilvægt að aukið fjármagn verði veitt til framkvæmda og viðhalds á þessum svæðum.

Þá bendir nefndin á þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Skipulagsstofnunar en þar er bent á að stofnunin þurfi aukna fjárveitingu til að veita almenningi aðgang að skipulagsvefsjá þar sem finna má upplýsingar um skipulagsmál í öllum sveitarfélögum landsins. Auk þess kemur fram í umsögninni að Skipulagsstofnun þurfi tímabundna fjárveitingu til eins árs til að halda málþing, gefa út sögu skipulags á Íslandi, halda ársfund norrænna skipulagsyfirvalda o.s.frv. í tengslum við afmælishald en á árinu 2008 verða liðin 70 ár frá því að stofnað var til forvera Skipulagsstofnunar og 10 ár frá

gildistöku skipulags- og byggingarlaga. Nefndin telur ástæðu til að koma til móts við umræddar óskir Skipulagsstofnunar. Nefndin leggur áherslu á að framangreindar stofnanir fái fullnægjandi fjárheimildir til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Skorar nefndin á fjárlaganefnd að taka athugasemdir í umsóknum þeirra til sérstakrar skoðunar.

Nefndin telur að efla þurfi náttúrustofur um allt land enda eru þær mikilvæg viðbót í atvinnu- og menningarflóru landsbyggðarinnar. Nefndin telur mikilvægt að auka framlag til þeirra svo stofurnar geti sinnt rannsóknarskyldum og öðrum lögbundnum verkefnum sínum samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nefndin biður fjárlaganefnd um að taka framangreint til sérstakrar athugunar.

Nefndinni hafa borist 15 umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni og gerir nefndin að tillögu sinni að 7 umsækjendur fái styrk. Nefndin vísar hins vegar umsókn Fjórðungssambands Vestfirðinga aftur til fjárlaganefndar enda telur nefndin að fremur hafi átt að vísa umsókn sambandsins til iðnaðarnefndar. Í tengslum við umsókn Náttúrufræðistofu Kópavogs beinir nefndin því til umhverfisráðherra að taka til jákvæðrar athugunar hvort ekki sé ástæða til að stofan heyri undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þá telur nefndin að umsóknir sem varða minkaveiðar eigi að heyra undir Umhverfisstofnun enda fellur sá málaflokkur undir starfssvið stofnunarinnar. Óráðstafað er af framangreindum safnlið 6,5 millj. kr. og leggur nefndin áherslu á að sú fjárhæð verið látin mæta þeim kostnaði að hluta sem leiðir af þeim verkefnum sem vísað er til í álitinu þessu. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðarins koma fram á sérstöku fylgiskjali.

Illugi Gunnarsson og Katrín Júlíusdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristin H. Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu þessu.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Kjartan Ólafsson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Höskuldur Þórhallsson.

Guðfinna S. Bjarnadóttir.

Ólöf Nordal.

Paul Nikolov.

Skipting safnliðar 14-190-1.90,
ýmis framlög.
(Allar tölur í þúsundum króna)

Á fund umhverfisnefndar komu vegna skiptingar safnliðar 14-190-1.90: Tómas Knútsson frá umhverfissamtökunum Blái herinn, Hilmar J. Malmquist, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Björn Þorsteinsson frá Náttúrufræðistofu Kópavogs, Guðmundur I. Guðmundsson og Björn H. Barkarson frá Félagi umhverfisfræðinga, Brynjólfur Brynjólfsson frá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, Reynir Bergsveinsson frá Minkasíur, Guðrún Arndís Tryggvadóttir og Einar Bergmundur Arnmundsson frá Náttúran er ehf. og Guðmundur Óli Scheving frá Félagi meindýraeyða. Nefndinni bárust einnig erindi frá Skaftárhreppi, Framkvæmdaráði Snæfellsness, Arnarsetri Íslands, Skotveiðifélagi Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Snæfellsbæ, Hvalfjarðarsveit og Fjallabyggð. Síðastnefndir aðilar fóru fram á fjárveitingu en óskuðu ekki jafnframt eftir viðtali. Nefndin vísaði erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga aftur til fjárlaganefndar.

Tillaga umhverfisnefndar um skiptingu safnliðarins er eftirfarandi:

Umsækjandi.

Tillaga að fjárveitingu 2008.

1. Skaftárhreppur	3.000
2. Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	3.000
3. Arnarsetur Íslands	1.500
4. Skotveiðifélag Íslands	2.000
5. Umhverfissamtökin Blái herinn	1.200
6. Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUM)	1.000
7. Náttúran er ehf.	1.500
Samtals	13.200

F. h. formanns umhverfisnefndar,


Margrét María Grétarsdóttir, nefndarritari.

UMHVERFISNEFND

14 Umhverfisáættuneyti
14-100-100

Aðili	Beiðni	Fjárlög 2007
Skaftárhreppur	4.500.000	0
Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	6.500.000	2.000.000
Framkvæmdaráð Snæfellsness	9.000.000	6.000.000
Amarsetur Íslands	6.000.000	0
Skotveiðifélag Íslands	5.200.000	2.500.000
Félag meindýraeyða og garðúðara	4.000.000	0
Reynir Bergsveinsson - Minkasíur	3.000.000	0
Umhverfissamtökin Blái herinn	5.000.000	1.000.000
Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUM)	1.500.000	0
Fjórðungssamband Vestfirðinga	8.500.000	0
Snæfellsbær	0	0
Náttúran er ehf.	3.800.000	0
Hvalfjarðarsveit	0	0
Fjallabyggð	3.000.000	4.000.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	8.700.000	0
Fjárbætur samtals	68.700.000	15.500.000
Til ráðstöfunar	19.700.000	19.000.000
Mismunur	-49.000.000	3.500.000

Tillaga nefndar	Athugasemdir
3.000.000	
3.000.000	
0	
1.500.000	
2.000.000	
0	
0	
1.200.000	
1.000.000	
0	Vísao til fjárlaganefndar.
0	
1.500.000	
0	
0	
0	
13.200.000	
19.700.000	
6.500.000	